



## HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 09.10.2019

Málsnr. 1909291

Efni: Lækjarhvammur 1, umsögn vegna lóðarstækkunar.,

Þann 30. september sl. leggja Sigurbjörn Viðar Karlsson og Svandís Edda Gunnarsdóttir, eigendur íbúðar neðri hæðar við Lækjarhvamm 1, inn ósk um lóðarstækkun.

Ástæða stækkunarinnar má rekja til framkvæmda sem nú þegar hafa verið gerðar utan lóðarmarka. Húsið var upphaflega teiknað sem ein íbúð en skv. samþykktum teikningum frá árinu 1993 verða tvær íbúðir í húsinu.

Þáverandi eigendur skiptu með sér lóðinni með þeim hætti að neðri hæð hússins hafði ekki lengur aðgang gegnum garðinn. Slíkt fyrirkomulag getur ekki talist heppileg.

Nú er óskað eftir að stækka lóðina til að tryggja aðgengi að neðri hæð hússins og að þær framkvæmdir sem nú þegar hafi verið framkvæmdar verði þar með innan hennar.

Mælt er með að lóðarstækkunin verði samþykkt enda fer betur á að sá slóði sem annars myndast meðfram lóðamörkum sé hirtur og á ábyrgð þeirra sem nýta hann. Janframt tryggir stækkunin íbúunum betra aðgengi að íbúð sinni.

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt